


20.-24. MARS 2023

# FÖSTUDAGSMOLINN



## FRAMUNDAN

Mánudagur 20. mars

Matseðill: Fiskborgarar (hvítur fiskur), hrísgrjón, salat og grænmeti.

Þriðjudagur 21. mars - **Downs dagurinn**

Matseðill: Lambapottréttur í brúnni sósu, kartöflur, rauðkál, grænar baunir, salat og grænmeti.

- Allir að mæta í bleiku og liðskrúðugum sokkum.
- Heimanám kl 14:30 í stofu 5. bekkjar.

Miðvikudagur 22. mars

Matseðill: Plokkfiskur (hvítur fiskur), rúgbrauð, salat og grænmeti.

- Morgunsöngur kl 8:20

Fimmtudagur 23. mars

Matseðill: Hakk (lamb og naut), tortillakökur, og grænmeti.

- **Skíðaferð í Tindastól hjá unglingastigi.**
- Heimanám kl 14:30 í stofu 5. bekkjar.

Föstudagur 24. mars - **Viðtalsdagur - Frístund opin**

Matseðill: Kjúklingaréttur



Á föstudag er viðtalsdagur. Umsjónarkennarar munu hafa samband ef þeir vilja fá foreldra og nemendur í viðtal. Einnig geta foreldrar óskað eftir viðtali við kennara.



## DOWNSDAGURINN

Alþjóðlegur dagur  
Downs-heilkennis er 21. mars ár hvert og er tileinkaður heilkenninu og honum fagnað víða um heim. Þennan dag ætlum við að mæta í bleikum fötum og í ósamstæðum litskrúðugum sokkum.

# SKÍÐAFERÐ HJÁ MIÐSTIGI Í TINDASTÓL



## SAMSTARF Í TEXTÍL OG SMÍÐI

Núna hafa nemendur verið að vinna samstarfsverkefni í smíði og textíl. Nemendur í 4. bekk eru að smíða dúkkurúm og sauma svo sængurföt í textíl. Nemendur í 3. bekk eru að búa til tré í smíði og fara svo með það í textíl til að vefja garni fyrir bol og lauf.



## FORELDRAR 4. BEKKINGA EFLA TENGL UTAN SKÓLA

Við gleðjumst alltaf þegar foreldrar eru drífandi í samstarfi og hjálpa okkur við að efla félagsleg tengsl bekkjarfélaga. Foreldrar nemanda í 4. bekk er hópur sem við mættum öll taka okkur til fyrirmyndar. Þau skelltu sér saman á skauta í vikunni og eru að plana bekkjarhitting í skólanum í næstu viku. Vel gert foreldrar 4. bekkjar!

